

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, og Guðrún Pálsdóttir og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

Afboða, mæta ekki : Hörður Oddfríðarson, Árni Stefánsson og Júlía Þorvaldsdóttir

Fundur 18.01.2024 settur kl. 18.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. Undirbúningur fyrir RIG er fullum gangi en mótið verður haldið 26. – 28. jan n.k. Leifur Guðni mótastjóri gerði grein fyrir undirbúningi við mótið. Verið er að ganga frá skráningum. Skráningar frá 34 liðum og rétt liðlega 300 keppendur. Heildar skráningar eru álíka margar og í fyrra. Lið frá 9 gestþjóðum taka þátt í mótinu. Mikið eru búið að leggja í undirbúning og reynt verður að taka skref uppávið í mótahaldi líkt og á ÍM25 í nóvember. Búið er að funda með sundlauginni og Ægisfólki og undirbúningur og mönnun gengur vel. Stjórnarfolk er hvatt til að skrá sig í störf á mótinu.
- b. Stjórnarfolk hefur sent út auglýsingapakka á fyrirtæki til að styrkja mótið og gengur það alveg ljómandi vel og hafa þegar nokkur fyrirtæki skráð sig til leiks.
- c. Eftir RIG verður farið í að skoða hvernig nýja fyrirkomulag þjónustugjalda hefur skilað sér og komið með tillögur að nýju verklagi í samvinnu við félögin og Sportabler.
- d. Viðræður hafa haldið áfram við ICC Sport vegna nýs mótakerfis. Við höfum einnig fengið tilboð í streymiskerfi frá Stay-live sem einnig er sænskt fyrirtæki. Stefnt er á kynningu á þessum nýjungum með nokkrum félögum að loknu RIG og málið tekið áfram.
- e. Ekki hefur ennþá verið tilkynnt með úthlutun úr afrekssjóði fyrir árið. Búist er við að tilkynning um það berist á morgun.
- f. ÍSÍ hefur sent út leiðréttingu á útbreiðslustyrk m.a áætlanir. SSÍ fékk 1,5 m.kr í leiðréttingu á styrk fyrir 2023 sem eru frávik frá áætluðum styrk.
- g. Þjálfaranámskeið gengur vel og margir skráðir. Verklegi hlutinn verður helgina 3-4. Feb. Huga þarf að öðrum hluta fljótlega.
- h. Verðalunaafhending fyrir íþróttamann ársins var haldin á Hilton hótelinu í Reykjavík þann 4. jan s.l. Við áttum tvo fulltrúa á topp 10 þau Anton Svein McKee og Snæfríði Sól Jórunnardóttir. Anton varð í öðru sæti í kjörinu og Snæfríður í því tíunda. Það er gömul saga og nú að mikið er deilt um fyrirkomulag þessa kjörs og hvort að einstaklingsíþróttafolk sitji við sama borð og hópíþróttir.
- i. Ingibjörg og Leifi fóru á fund með framkvæmdastjórum NSF (norræna samstarfið) í síðustu viku. Fundurinn var hefðbundinn og samstarfið er gott.
- j. Stefnt er að því að setja nýja heimasíðu í loftið í febrúar. Undirbúningi er að mestu lokið og bara tímaspursmál hvernær hægt er að taka skrefið.
- k. Beðið er eftir að Jakob Jóhann leggi lokahönd Mannvirkjaskýrslu þannig að hægt sé að koma henni frá okkur. Jakob hyggst ljúka verkinu í kringum mánaðamótin.
- l. Bréf hefur borist frá Menningar og viðskiptaráðuneyti um að sundlaugamenning Íslands verði skráð á skrá UNESCO yfir áþreifanlegan menningararf mannkyns.

Þetta er spennandi verkefni og var Júlía Þorvaldsóttir beðin um að taka málið lengra fyrir hönd stjórnar SSI.

3. Afreksmál

- a. Fyrsta verkefni ársins er búið, það var æfingahelgi Framtíðarhóps. Bragi Reynir sálfræðingur og Erla Dögg héldu fyrirlestra fyrir sundfólkið, einnig var Eyleifur með fyrirlestur hópinn og foreldra. Í allt voru 31 og 7 þjálfarar tók þátt frá 7 félögum.
- b. NFS fundur var haldin í Kaupmannahöfn 10-11.jan og í tengslum við fundinn fór Eyleifur í heimsókn til Álaborgar og fundaði með Snæfríði og Birni um restina af tímabilinu. Björn þjálfari Snæfríðar mun fara með Anton og Snæfríði á mót í byrjun apríl í Stokkhólmi einnig óskum við eftir að taka þátt í æfingabúðum með dönum fyrir Ólympíuleikana á Gloria. Stefnan að fara beint þangað frá EM í Serbíu.
- c. Mælinga og fræðsludagar fyrir landsliðshópa eru frá 17-20. Janúar, en 25 einstaklingar taka þátt í verkefninu. Á laugardaginn er fyrirlestur frá Anti-doping og Greenfit varðanid næringu. Dagurinn endar á sameiginlegri æfingu.
- d. Æfingabúðir á Tenerife verða frá 30.jan til 9.feb. 28 einstaklingar taka þátt í búðunum. Fylgdarlið verður Leifi, Ingibjörg, Arna Þórey, Hilmar og Númi Snær.
- e. Í byrjun mars mun Eyleifur fara með Anton á TYR Pro mót í Chicago og í kjölfarið fara á heimaslóðir Antons og Sergio eftir mótið og vera í nokkra daga. Jóhanna Elín mun væntanlega einnig taka þátt í mótinu. Verið er að vinna í æfingabúðum hér á landi síðustu tvær vikurnar fyrir Anton og nokkra af hans æfingafélögum sem fara á Ólympíuleikana
- f. Swim Open Stockholm verður undirbúningsmót yfir Anton og Snæfríði, en mótið er eitt af sterkustu alþjóðlegu mótum í heiminum á þessum tíma. Björn frá Álaborg fer sem þjálfari. Anton og Snæfríður koma svo beint þaðan á ÍM50
- g. Rætt um að setja í gang afrekshóp fyrir næsta sundár. Leifi fór yfir þá vinnu sem þarf að fara í vegna þess og sagði frá hugmyndinni.

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

- a. Engar fundargerðir lágu fyrir

5. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
10.01.2024	Sundlaugamening á skrá UNESCO	VJ/MVR
05.01.2024	Ráðstefna RIG	RS/ÍSÍ
15.01.2024	Sjó og sundbaðsfélag Reykjavíkur aðili að ÍBR	FAF/ÍBR

6. Staðfesting meta

Engin með lágu fyrir fundinum

7. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Benedikt Már Þorvaldsson	Árman	Óðinn	08.01.2024	06.02.2024

8. Önnur mál:

- Ráðstefna European Aquatics í Aþenu í næstu viku. Það er mikil óvissa með stöðu forseta EA þar sem hann virðist ekki njóta stuðnings sundsambands heimalands síns sem er Portúgal. Björn og Hörður munu sækja fundinn fyrir okkar hönd.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 19.20

22.01.2023 Alþjóðlegt mót í Reykjavík í 50 m laug. (Nú RIG) á mótalista (samþykkt í gegnum tölvupóst sendan á stjórn)

Ábending barst frá hreyfingunni að alþjóðleg sundmót í Reykjavík í 50 m laug (nú RIG) hafði ekki verið skráð á mótalista í reglugerðum 2.5.1 um mót á vegum SSÍ. Staðfesting þess efnis hefur komið fram í fundargerðum og mótið haldið í fyrri á vegum SSÍ enda fara öll boð og skráningar fram á vegum SSÍ. Samþykkt var að bæta mótinu í kafla 2.5.1 á lsita yfir mót á vegum SSÍ. Búið er að uppfæra lög og reglugerðir í takt við þessa breytingu.